# DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR Í LANDI EFRA-SKARÐS

# HVALFJARÐARSVEIT

## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR




## HNITASKRÁ - ÍSNET93

### Miðlína vegar

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 1 | 367270.61 | 439414.70 |
| 2 | 367268.80 | 439434.62 |
| 3 | 367266.31 | 439454.45 |
| 4 | 367262.09 | 439474.00 |
| 5 | 367257.61 | 439493.49 |
| 6 | 367253.45 | 439513.05 |
| 7 | 367251.58 | 439532.95 |
| 8 | 367252.37 | 439552.92 |
| 9 | 367255.81 | 439572.60 |
| 10 | 367261.84 | 439591.66 |
| 11 | 367268.72 | 439610.42 |
| 12 | 367272.78 | 439629.99 |
| 13 | 367273.79 | 439649.94 |
| 14 | 367271.79 | 439669.82 |
| 15 | 367270.33 | 439689.66 |
| 16 | 367279.79 | 439706.86 |
| 17 | 367296.24 | 439718.08 |
| 18 | 367305.57 | 439735.54 |
| 19 | 367312.31 | 439754.36 |
| 20 | 367314.93 | 439774.12 |
| 21 | 367314.29 | 439782.81 |
| 22 | 367311.86 | 439793.82 |
| 23 | 367303.37 | 439811.85 |
| 24 | 367290.15 | 439826.76 |
| 25 | 367282.62 | 439832.79 |
| 26 | 367274.47 | 439839.18 |
| 27 | 367258.61 | 439851.36 |
| 28 | 367242.58 | 439863.33 |
| 29 | 367226.41 | 439875.09 |
| 30 | 367210.07 | 439886.63 |
| 31 | 367195.95 | 439895.63 |
| 32 | 367174.38 | 439904.15 |
| 33 | 367154.67 | 439907.33 |
| 34 | 367134.72 | 439906.53 |
| 35 | 367115.32 | 439901.78 |
| 36 | 367101.88 | 439895.88 |
| 37 | 367081.24 | 439881.36 |
| 38 | 367064.93 | 439869.84 |
| 39 | 367046.65 | 439861.79 |
| 40 | 367027.31 | 439856.73 |
| 41 | 367007.90 | 439851.91 |
| 42 | 366988.49 | 439847.09 |
| 43 | 366970.35 | 439839.10 |
| 44 | 366957.68 | 439823.79 |
| 45 | 366947.75 | 439808.61 |
| 46 | 367089.53 | 439911.36 |
| 47 | 367070.08 | 439914.31 |
| 48 | 367050.08 | 439914.31 |
| 49 | 367030.58 | 439918.14 |
| 50 | 367014.12 | 439929.26 |
| 51 | 367002.36 | 439945.39 |
| 52 | 366991.35 | 439962.09 |
| 53 | 366983.80 | 439980.28 |
| 54 | 366983.49 | 440000.37 |
| 55 | 366991.74 | 440018.29 |
| 56 | 367008.37 | 440028.89 |
| 57 | 367028.03 | 440032.57 |
| 58 | 367047.72 | 440036.06 |
| 59 | 367068.86 | 440039.80 |
| 60 | 366963.97 | 439977.77 |
| 61 | 366950.84 | 439973.97 |
| 62 | 366931.46 | 439966.92 |
| 63 | 367212.37 | 439905.58 |
| 64 | 367232.21 | 439907.91 |
| 65 | 367249.75 | 439917.22 |
| 66 | 367255.70 | 439920.24 |
| 67 | 367268.50 | 439923.87 |
| 68 | 367286.73 | 439931.86 |
| 69 | 367306.63 | 439933.57 |
| 70 | 367327.61 | 439934.68 |
| 71 | 367324.10 | 439954.36 |
| 72 | 367320.32 | 439968.61 |
| 73 | 367329.24 | 439914.75 |
| 74 | 367329.24 | 439900.70 |
| 75 | 367328.22 | 439885.86 |
| 76 | 367246.24 | 439937.84 |
| 77 | 367230.01 | 439948.88 |
| 78 | 367205.47 | 439956.04 |
| 79 | 367266.88 | 439820.56 |
| 80 | 367248.33 | 439813.26 |
| 81 | 367228.47 | 439811.39 |
| 82 | 367208.79 | 439814.36 |
| 83 | 367190.66 | 439822.75 |
| 84 | 367174.32 | 439831.01 |
| 85 | 367333.79 | 439787.24 |
| 86 | 367353.29 | 439791.67 |
| 87 | 367372.80 | 439796.10 |
| 88 | 367392.30 | 439800.53 |
| 89 | 367410.85 | 439807.82 |
| 90 | 367426.59 | 439820.05 |
| 91 | 367438.25 | 439836.22 |
| 92 | 367446.79 | 439854.30 |
| 93 | 367455.27 | 439872.41 |
| 94 | 367463.76 | 439890.52 |
| 95 | 367472.24 | 439908.63 |
| 96 | 367482.39 | 439925.70 |
| 97 | 367498.98 | 439936.80 |
| 98 | 367518.38 | 439941.06 |
| 99 | 367536.70 | 439948.36 |
| 100 | 367553.52 | 439959.40 |

### Lóðamörk

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 120 | 366915.11 | 439894.19 |
| 121 | 367069.33 | 439803.92 |
| 122 | 366955.49 | 439627.78 |
| 123 | 366807.11 | 439727.89 |
| 124 | 366847.87 | 439933.53 |
| 125 | 366944.19 | 440085.01 |
| 126 | 366991.42 | 440117.36 |
| 127 | 367036.89 | 440121.74 |
| 128 | 367062.26 | 440122.61 |
| 129 | 367146.21 | 440112.12 |
| 130 | 367144.10 | 440003.04 |
| 131 | 367271.78 | 440003.04 |
| 132 | 367272.15 | 440057.02 |
| 133 | 367333.45 | 440074.89 |
| 134 | 367482.92 | 440069.26 |
| 135 | 367630.72 | 440043.90 |
| 136 | 367626.34 | 439994.05 |
| 137 | 367546.41 | 439971.59 |
| 138 | 367555.79 | 439957.30 |
| 139 | 367528.61 | 439939.85 |
| 140 | 367504.35 | 439936.22 |
| 141 | 367486.41 | 439925.57 |
| 142 | 367480.15 | 439918.43 |
| 143 | 367458.97 | 439873.22 |
| 144 | 367443.43 | 439883.08 |
| 145 | 367393.67 | 439864.97 |
| 146 | 367374.20 | 439846.13 |
| 147 | 367389.88 | 439803.05 |
| 148 | 367379.78 | 439800.76 |
| 149 | 367283.80 | 439778.97 |
| 150 | 367217.33 | 439717.31 |
| 151 | 367322.10 | 439781.51 |
| 152 | 367381.85 | 439795.07 |
| 153 | 367401.31 | 439741.60 |
| 154 | 367306.78 | 439533.02 |
| 155 | 367254.60 | 439532.12 |
| 156 | 367260.13 | 439576.66 |
| 157 | 367272.55 | 439609.80 |
| 158 | 367276.40 | 439628.45 |
| 159 | 367277.59 | 439652.66 |
| 160 | 367273.13 | 439681.07 |
| 161 | 367279.85 | 439702.68 |
| 162 | 367302.00 | 439717.33 |
| 163 | 367318.19 | 439760.89 |
| 164 | 367318.68 | 439773.28 |
| 165 | 367474.99 | 439863.05 |
| 166 | 367476.06 | 439838.36 |
| 167 | 367457.90 | 439794.58 |
| 168 | 367449.12 | 439769.33 |
| 169 | 367436.56 | 439752.75 |
| 170 | 367434.20 | 439740.58 |
| 171 | 367443.63 | 439712.41 |
| 172 | 367423.61 | 439664.76 |
| 173 | 367419.21 | 439649.29 |
| 174 | 367402.80 | 439621.15 |
| 175 | 367382.62 | 439615.86 |
| 176 | 367372.54 | 439591.93 |
| 177 | 367323.93 | 439512.44 |
| 178 | 367323.73 | 439508.46 |
| 179 | 367300.46 | 439521.09 |

### Byggingarreitir

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| 190 | 367215.55 | 439801.45 |
| 191 | 367235.55 | 439801.45 |
| 192 | 367235.55 | 439781.45 |
| 193 | 367215.55 | 439781.45 |
| 194 | 367217.84 | 439846.62 |
| 195 | 367237.84 | 439846.62 |
| 196 | 367237.84 | 439826.62 |
| 197 | 367217.84 | 439826.62 |
| 198 | 367139.71 | 439834.24 |
| 199 | 367159.71 | 439834.24 |
| 200 | 367159.71 | 439814.24 |
| 201 | 367139.71 | 439814.24 |
| 202 | 367156.28 | 439883.01 |
| 203 | 367176.28 | 439883.01 |
| 204 | 367176.28 | 439863.01 |
| 205 | 367156.28 | 439863.01 |
| 206 | 367041.11 | 439902.92 |
| 207 | 367059.91 | 439896.08 |
| 208 | 367053.07 | 439877.28 |
| 209 | 367034.27 | 439884.12 |
| 210 | 366984.01 | 439888.06 |
| 211 | 367002.81 | 439881.21 |
| 212 | 366995.97 | 439862.42 |
| 213 | 366977.17 | 439869.26 |
| 214 | 366986.53 | 439929.74 |
| 215 | 367005.32 | 439922.90 |
| 216 | 366998.48 | 439904.10 |
| 217 | 366979.69 | 439910.94 |
| 218 | 366936.21 | 439923.07 |
| 219 | 366955.01 | 439916.23 |
| 220 | 366948.17 | 439897.43 |
| 221 | 366929.37 | 439904.27 |
| 222 | 366896.83 | 439946.44 |
| 223 | 366915.62 | 439939.60 |
| 224 | 366908.78 | 439920.81 |
| 225 | 366889.99 | 439927.65 |
| 226 | 366951.60 | 439965.35 |
| 227 | 366970.40 | 439958.51 |
| 228 | 366963.56 | 439939.72 |
| 229 | 366944.76 | 439946.56 |
| 230 | 367008.90 | 439987.07 |
| 231 | 367027.70 | 439980.23 |
| 232 | 367020.86 | 439961.43 |
| 233 | 367002.06 | 439968.27 |
| 234 | 367044.51 | 439953.32 |
| 235 | 367063.30 | 439946.48 |
| 236 | 367056.46 | 439927.69 |
| 237 | 367037.67 | 439934.53 |
| 238 | 366920.46 | 440011.34 |
| 239 | 366939.25 | 440004.50 |
| 240 | 366932.41 | 439985.70 |
| 241 | 366913.62 | 439992.55 |
| 242 | 366964.02 | 440043.37 |
| 243 | 366982.82 | 440036.53 |
| 244 | 366957.18 | 440024.58 |
| 245 | 366975.98 | 440017.74 |
| 246 | 367005.81 | 440065.00 |
| 247 | 367024.61 | 440058.16 |
| 248 | 367017.77 | 440039.36 |
| 249 | 366998.97 | 440046.20 |
| 250 | 367055.63 | 440070.29 |
| 251 | 367074.42 | 440063.45 |
| 252 | 367067.58 | 440044.65 |
| 253 | 367048.79 | 440051.49 |
| 254 | 367101.12 | 440063.70 |
| 255 | 367119.91 | 440056.86 |
| 256 | 367113.07 | 440038.07 |
| 257 | 367094.28 | 440044.91 |
| 258 | 367078.82 | 440012.99 |
| 259 | 367097.62 | 440006.15 |
| 260 | 367090.78 | 439987.35 |
| 261 | 367071.98 | 439994.20 |
| 262 | 367037.17 | 440022.01 |
| 263 | 367055.97 | 440015.17 |
| 264 | 367049.13 | 439996.37 |
| 265 | 367030.33 | 440003.21 |
| 266 | 367171.48 | 439937.16 |
| 267 | 367191.48 | 439937.16 |
| 268 | 367191.48 | 439917.16 |
| 269 | 367171.48 | 439917.16 |
| 270 | 367181.52 | 439993.04 |
| 271 | 367201.52 | 439993.04 |
| 272 | 367201.52 | 439973.04 |
| 273 | 367181.52 | 439973.04 |
| 274 | 367301.99 | 440028.90 |
| 275 | 367321.99 | 440028.90 |
| 276 | 367321.99 | 440008.90 |
| 277 | 367301.99 | 440008.90 |
| 278 | 367337.04 | 439987.93 |
| 279 | 367357.04 | 439987.93 |
| 280 | 367357.04 | 439967.93 |
| 281 | 367337.04 | 439967.93 |
| 282 | 367348.74 | 439932.10 |
| 283 | 367368.74 | 439932.10 |
| 284 | 367368.74 | 439912.10 |
| 285 | 367348.74 | 439912.10 |
| 286 | 367357.02 | 439884.24 |
| 287 | 367377.02 | 439884.24 |
| 288 | 367377.02 | 439864.24 |
| 289 | 367357.02 | 439864.24 |
| 290 | 367349.87 | 439828.80 |
| 291 | 367369.87 | 439828.80 |
| 292 | 367369.87 | 439808.80 |
| 293 | 367349.87 | 439808.80 |
| 294 | 367397.51 | 439919.19 |
| 295 | 367417.51 | 439919.19 |
| 296 | 367417.51 | 439899.19 |
| 297 | 367397.51 | 439899.19 |
| 298 | 367399.39 | 439967.49 |
| 299 | 367419.39 | 439967.49 |
| 300 | 367419.39 | 439947.49 |
| 301 | 367399.39 | 439947.49 |
| 302 | 367415.60 | 440033.59 |
| 303 | 367445.60 | 440033.59 |
| 304 | 367445.60 | 440003.59 |
| 305 | 367415.60 | 440003.59 |
| 306 | 367558.21 | 440016.02 |
| 307 | 367578.21 | 440016.02 |
| 308 | 367578.21 | 439996.02 |
| 309 | 367558.21 | 439996.02 |
| 310 | 367385.82 | 439843.45 |
| 311 | 367390.42 | 439847.91 |
| 312 | 367421.27 | 439846.94 |
| 313 | 367416.97 | 439830.07 |
| 314 | 367410.21 | 439822.93 |
| 315 | 367395.27 | 439817.49 |
| 316 | 367350.62 | 439777.73 |
| 317 | 367375.47 | 439783.37 |
| 318 | 367381.76 | 439766.08 |
| 319 | 367373.79 | 439751.70 |
| 320 | 367355.34 | 439769.25 |
| 321 | 366922.25 | 439777.82 |
| 322 | 366936.42 | 439799.52 |
| 323 | 367004.77 | 439759.12 |
| 324 | 367007.95 | 439727.37 |
| 325 | 366928.11 | 439719.36 |

Hnit X = austur Y = norður
Hnit fengin af uppréttri loftmynd með 50 cm greinihæfni

# 1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

## 1.1 STAÐHÆTTIR

Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Efra Skarðs er innan frístundabyggðar F6, landbúnaðarsvæðis L2 og svæðis fyrir verslun og þjónustu VÞ13 skv. Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020- 2032. Skipulagið er norðan við gatnamót Svínadalsvegar (502) og Leirársveitarvegar (504). Aðkoma að byggðinni er um Efra-Skarðsveg (5025) sem skilgreindur er frá Svínadalsvegi (502) og að Efra Skarði 2. Skipulagssvæðið tekur til 26 ha svæðis. Innan skipulagssvæðisins er skilgreind frístundabyggð 16,69 ha að stærð, verslunar- og þjónustusvæði, sem er lóð félagsheimilis, 3,65 ha að stærð og tvær íbúðalóðir á landbúnaðarlandi samtals 4 ha að stærð. Innan frístundabyggðarinnar er skilgreind ein lóð með 29 byggingareitum.

Landið liggur í rótum Skarðsheiðar og hallar til suð-suðvesturs, í átt að Leirársveitarvegi. Í norðri og vestri afmarkast svæðið af skógræktar- og landgræðslusvæði SL25 og landbúnaðarsvæði L1, á móti suðri og austri af landbúnaðarsvæði L1 og L2 og þjónustusvæði VÞ13 sbr. aðalskipulagi. Norðaustur hluti frístundabyggðarinnar er innan fjarsvæðis vatnsverndar.

Efra Skarð er í vestur hluta Svínadals. Land einkennist af ræktuðum túnum og frekar brattri fjallshlíð. Eitt íbúðarhús, hlaða og skemma er á jörðinni.

## 1.2 MARKMIÐ OG FORSENDUR SKIPULAGSINS

Fyrirhugað er að byggja upp heilsumiðstöð, þar sem boðið er upp á gistingu, veitingaþjónustu, námskeið og aðstöðu til heilsuræktar. Skipulagið er ætlað að skapa ramma utan um heildstæða frístundabyggð, tilheyrandi svæði fyrir verslun og þjónustu og íbúðalóðir á landbúnaðarlandinu. Markmiðið er að öll hús falli vel inn í umhverfið, öll ummerki í landi verði sem minnst sýnileg og að framkvæmdir valdi sem minnstri röskun á náttúrunni.

## 1.3 AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

### 1.3.1 Aðalskipulag

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 26. apríl 2023 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 12. maí 2023. Í aðalskipulagi er skilgreint 22,3 ha svæði til frístundabyggðar (F6) í landi Efra Skarðs.

Í stefnu aðalskipulags 2020 – 2032 er gert ráð fyrir að nýtingarhlutfall frístundalóða eigi að jafnaði vera 0,03 að brúttó flatarmáli. Stærð frístundalóða má skv. aðalskipulagi vera á bilinu 0,5 til 2 ha. Heildarbyggingarmagn er að hámarki 250 m² á byggingarreit.

Norðaustur hluti frístundabyggðar er innan fjarsvæðis vatnsverndar og er vatnsból VB3 innan frístundabyggðar. Að minnsta kosti 5 m í kringum vatnsbólið á að vera afgirt með mannheldri girðingu. Fyrir VB3 er ekki skilgreint brunn-, grann- eða fjarsvæði, en heilbrigðisnefnd skal skilgreina þessi svæði sbr. reglugerð um neysluvatn 536/2001.

Verslunar- og þjónustusvæðið (VÞ13) er 10 ha að stærð. Leyfilegt heildarbyggingarmagn á verslunar- og þjónustusvæðum er undir 1200 m². Aðalskipulagið kveður á um að næg bílastæði séu skilgreind við verslunar- og þjónustusvæði.

Skilgreindar eru 2 íbúðalóðir á landbúnaðarlandi L2 sem eru hvor um sig 20000 m² að stærð, en aðalskipulagið kveður á um að lóðir séu að lágmarki 2 ha að stærð. Nýtingarhlutfallið má vera allt að 0,05, sem þýðir að heimilað hámarks byggingamagn má vera 1000 m² samkvæmt aðalskipulagi. Íbúðalóðir á landbúnaðarlandi eiga að vera staðsettar utan skilgreindra hættu-og/eða verndarsvæða og innan 500 m frá héraðsvegi. Hluti íbúðalóðar við Meistaraleið 2 er á landbúnaðarlandi L1, en þar er engin byggingarreitur skilgreindur.

Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag.

### 1.3.2 Deiliskipulag

Þar sem markmið nýs landeiganda við uppbyggingu svæðisins er töluvert frábrugðið gildandi deiliskipulagi sem var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 16. janúar 2008 sbr. auglýsingu nr. 29/2008 verður það deiliskipulag fellt úr gildi samhliða gildistöku þessa deiliskipulags.

Sveitarstjórn hefur sbr. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. nýtt heimild sína til að falla frá lýsingu deiliskipulags þar sem allar megin forsendur liggja fyrir í aðalskipulagi og að í gildi er deiliskipulag af svæðinu.

## 1.4 FORNMINJAR

Deiliskráning fornleifa var unnið fyrir Efra-Skarð árið 2006 (Fornleifastofnun Íslands, 2006), sjá greinargerð FS306-06021. Fornleifar eru merktar innan skipulagssvæðis og afmarkað 5 metra áhrifasvæði utan um þær. Um er að ræða fornminjar BO-018: 005 sem er heimild um útihús, 007 sem er tóft af rétt, 011 sem ber örnefnið Lambhúsmói, 017 sem eru mógrafir nefnir „Gömlugrafir“ og 018 sem er garðlag. Engum fornminjum verður haggað innan skipulagssvæðis.

Samanber 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

## 1.5 NÁTTÚRUVERND

Skipulagssvæðið er hvorki á náttúruverndarsvæði né á svæði sem nýtur sérstakrar verndar (NÍ 2019, 2021a og b) og því ekki þörf á umsögn Umhverfisstofnunar vegna deiliskipulagsins sbr. 2. málsgrein 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gæta skal að allri umgengni á svæðinu og röskun á gróðri skal haldið í lágmarki.

## 1.6 VISTGERÐIR

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands *„Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“* er „tún og akurlendi“ aðal vistgerðin á verslunar- og þjónustusvæðinu.

Innan frístundabyggðar er mestmegnis stinnastararvist með miðlungs verndargildi, en um einn þriðji svæðisins er grasmóavist og snarrótarvist sem eru með hátt verndargildi.

Til viðbótar eru vistgerðirnar starungsmýravist og runnamýravist sem eru með mjög hátt verndargildi, grasengjavist og língresis- og vingulsvist sem eru með hátt verndargildi og blómgresisvist sem er með miðlungs verndargildi, á smærri svæðum á skipulagssvæðinu. Allar fyrrnefndar vistgerðir eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Þar að auki finnst víðimóavist með miðlungs verndargildi og hraungambravist með lágt verndargildi á skipulagssvæðinu.

Á íbúðalóðunum finnast grasmóavist, grasengjavist og snarrótarvist sem eru með hátt verndargildi, stinnastaravist með miðlungs verndargildi og hraungambravist með lágt verndargildi.

Vistgerðakortið *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi* (NÍ, 2018) er unnið í mælikvarðanum 1:25.000 og er því ekki nákvæmt fyrir t.d. deiliskipulagsáætlun. Við gerð þessara deiliskipulagsáætlunar var engu að síður leitast við að taka tillit til vistgerðanna og búsvæði fuglanna. Byggingarreitir eru afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins eins og kostur er.

## 1.7 VEÐURFAR OG NÁTTÚRUVÁ

Frekar milt veður er á svæðinu, en nokkuð vindasamt. Samkvæmt Vindatlas Veðurstofu Íslands eru austan áttir ríkjandi vindáttir á skipulagssvæðinu.

Það er frekar snjólétt á vetrum.

Ofanflóðahættumat hefur verið unnið fyrir svæðið (Veðurstofa Íslands, 2021). Niðurstaða hættumats er að skipulagssvæðið er utan hættusvæða snjóflóða. Hætta stafar frekar af skriðum og eru greinileg ummerki um skriður að finna í landslaginu og eru til sögulegar heimildir um stórar skriður í grennd og sérstaklega á vestasta hluta skipulagssvæðis. Ofanflóðahættumatið er unnið skv. reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats (505/2000). Í matinu er byggðinni skipt upp í svæði A, B og C með tilliti til ofanflóðahættu. Samkvæmt því er heimilt að reisa ný frístundahús, íbúðar- og atvinnuhúsnæði inn á A-svæði. Innan B-svæðis má reisa frístundahús, en ekki er heimilt að reisa þar íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. Innan C-svæðis má reisa byggingar þar sem ekki er búist við stöðugri viðveru fólks til búsetu eða vinnu, s.s. dælu- og spennistöðvar, línumöstur og önnur sambærileg mannvirki. Við staðsetningu byggingarreita var tekið mið af hættumatssvæðunum fyrir frístunda-, íbúða- og samkomu/þjónustuhúsa og líklegustu rennslisleiðir fyrir skriður eða snjóflóð. Í ofanflóðahættumatinu er bent á að óvissan við mat á ofanflóðum er talin mikil á svæðinu þar sem ekki eru nægilegar heimildir um snjóflóð eða skriður.

Jarðskjálftahætta er lítil á svæðinu og ólíklegt er að sterkur skjálfti verði á þessum slóðum með hliðsjón af legu helstu skjálftabelta.

# 2. SKIPULAGSSKILMÁLAR

## 2.1 SAMGÖNGUR

Aðkoma að skipulagssvæði er um Efra-Skarðsveg (5025) sem tengist Svínadalsveg (502). Nýir vegir verða lagðir frá Efra-Skarðsvegi (5025) um skipulagssvæðið. Vegir skulu vera a.m.k. 4,5 m breiðir. Heimilt er að leggja veitumannvirki í veg og 1 m frá skilgreindum vegkanti skv. skipulagi. Snúningsplön verða í enda hvers botnlanga. Útfærsla bílastæða og aðkomu að frístunda- og íbúðarhúsum skal sýnd á byggingarleyfisteikningu.

## 2.2 GRÓÐUR

Frístundahúsaeiganda er heimilt að gróðursetja innan byggingarreits og íbúðarhúsaeiganda innan lóðar sinnar. Stærri trjám skal velja stað þannig að þau varpi ekki skugga á hús/pall nágranna eða hindri útsýni þaðan. Óheimilt er að gróðursetja trjágróður nærri húsi en þremur metrum vegna brunavarna. Óheimilt er að planta framandi ágengum tegundum jurta á svæðinu eins og skógarkerfli, lúpínu og hindberjarunna svo eitthvað sé nefnt.

## 2.3 GIRÐINGAR

Ekki er heimilt að girða umhverfis byggingarreiti.

## 2.4 GÖNGULEIÐIR

Gönguleiðir eru skilgreindar meðfram þremur giljum og úr enda botnlanga Prönuleiðar innan skipulagssvæðis. Gönguleið má leggja með trjákurli og halda greiðfærri með klippingu trjáa meðfram leiðum. Gangandi umferð er heimil innan frístundalóðar.

## 2.5 VEITUR, SORP OG ÖRYGGISMÁL

Heimilt er að viðhalda og endurnýja lagnir.

**Neysluvatn**, margar auðugar vatnsuppsprettur eru á svæðinu (Kristján Sæmundsson (ÍSOR), 2006). Neysluvatn að félagsheimili, frístundar- og íbúðarhúsum verður leitt úr vatnsbóli, sem er merkt VB3 í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2022- 2030 og/eða úr borholu þannig það verði í samræmi við neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001.

Norðaustur hluti frístundabyggðar er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Á fjarsvæði eru stórar geymslur fyrir hættulegt efni bannaðar og varúðar skal gætt við meðferð slíka efna í nálægð við sprungur og misgengi sbr. reglugerð um breytingu á reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vatns 533/2001.

Vatnsból VB3 innan frístundabyggðar. Sbr. reglugerð um breytingu á reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vatns 533/2001 á brunnsvæði í næsta nágrenni vatnsbólsins að vera algjörlega friðað og afgirt amk. 5 m frá vatnsbóli með mannheldri girðingu.

**Hitaveita** er á vegum Hitaveitufélags Hvalfjarðar sf.

**Rafmagn** er fengið frá dreifikerfi RARIK.

**Fráveita** skal lögð í fráveitukerfi, eigendur húsa geta sameinast um fráveitukerfi, séu öll skilyrði uppfyllt. Fráveitukerfi ásamt siturlögn eða sandsíu skal vera innan lóðar, en að lágmarki 10 m frá lóðamörkum og að lágmarki 20 m frá byggingarreit nágranna sbr. 17.gr. samþykktar nr.583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit. Við staðsetningu og hönnun fráveitumannvirkja skal taka tillit til grunnvatnsstöðu og vatnsbúskapar fjallshlíðarinnar. Óheimilt er að setja fráveitukerfi innan við 50 m frá grónum árbakka. Gerð og staðsetning fráveitukerfis innan byggingarreits er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.. Einnig er vísað í samþykkt nr. 583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit og samþykkt um rotþró við heimili í Hvalfjarðarsveit 2011 og í leiðbeiningar UST um rotþrær og siturlagnir (2004). Óheimilt er að losa hættuleg efni og/eða hættulegan úrgang á svæðinu.

**Sorp, losun og förgun** skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni. Plan fyrir sorpaðstöðu er skilgreint á skipulagsuppdrætti. Heimilt er að reisa jarðvegsmön og/eða gróðursetja umhverfis sorpaðstöðu til að bæta ásýnd og draga úr vindi.

**Brunavarnir,** vatn til brunavarna verður sótt í Skarðsá þar til staðsetning borholu fyrir kalt vatn liggur fyrir. Við borholu verður staðsettur brunahani. Vegna brunavarna skulu vegir vera 4,5 m breiðir og hafa snúningsplan við enda botnlanga. Brunavarnir skulu vera í samræmi við reglugerð nr. 112/2012 og lög um brunavarnir nr. 75/2000.

# 3. BYGGINGARSKILMÁLAR

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa.

## 3.1 BYGGINGARSKILMÁLAR SEM GILDA FYRIR ALLT SKIPULAGSSVÆÐIÐ

**Mænisstefna** er sýnd á skipulagsuppdrætti og er aðalmænisstefna samsíða hæðalegu.

**Þök** bygginga skulu vera svört eða þakin torfi. Samræmt efnis- og litaval skal vera innan hvers byggingarreits.

**Litaval** bygginga skal vera viðarlitur, svardökkur og/eða dökkgrár. Skjólveggir skulu vera í sama lit og bygging.

**Skjólveggir** umhverfis verandir og sólpalla mega vera allt að 1.8 m á hæð og skulu vera áfastir við byggingar og/eða verandir.

**Lýsing** skal miða að því að lýsa stíga, útveggi og verandir, en óheimilt er að staðsetja lampa og útiljós í meira en 2 m fjarlægð frá húsum. Ljósgjafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leiti skal hann vera hulinn og ekki ná hærra en 1.2 m yfir jörð. Útilýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

**Staðsetning bygginga í landi** skal taka tillit til umhverfis og landslags þegar staðsetning húss er valin. Nokkur halli er á svæðinu og því æskilegt að hönnun húsa taki mið af því og falli vel inn í landslagið sem umlykur það.

## 3.2 BYGGINGARSKILMÁLAR FYRIR FRÍSTUNDABYGGÐINA

**Byggingarreitir** eru hnitfestir og sýndir á skipulagsuppdrætti. Skilgreindir eru 20 m x 20 m byggingarreitir þar sem heimilt er að byggja eitt frístundahús ásamt einu aukahúsi innan þess reits. Að undanskildum byggingarreit á Meistaraleið 9. Sá byggingarreitur er 30m x 30m. Allir hlutar byggingar, þ.m.t. pallar, girðingar og þök, skulu vera að öllu leiti innan byggingarreits.

**Byggingarmagn** er að hámarki 200 m² á hverjum byggingarreit. Heimilt er að byggja allt að 165 m² frístundahús og 35 m² aukahús á tilgreindum reitum. Að undanskildum byggingarreit á Meistaraleið 9, byggingarmagn á honum er að hámarki 280 m². Þar er heimilt að byggja 200 m² frístundahús og 50 m² aukahús.

**Byggingarefni** skal vera timbur eða álíka umhverfisvænt efni, að eins miklu leiti og kostur er.

**Vegghæð** er að hámarki 3 m, mælt frá gólfbita eða steyptu gólfi að skurðlínu vegggrindar að utan við efri brún sperru.

**Mænishæð** er að hámarki 6 m, mælt frá gólfbita eða steyptu gólfi að skurðlínu vegggrindar/veggjar að utan við efri brún sperru. Mænishæð aukahúsa skal ekki vera meiri en 4 m. Miðað skal við að hæð á botnplötu skuli ekki vera hærri en 150 cm fyrir ofan yfirborð jarðvegs og skal þá miða við meðalhæð undir húsi.

**Þakhalli** skal vera á bilinu 15° til 45°.

**Aukahús** mega þjóna sem gestahús, geymsla, svefnhýsi, gufubað og/eða garðhús. Bifreiðageymslur eru ekki heimilar innan frístundabyggðarinnar. Aukahús skal vera nærri frístundahúsi og tengjast því með sólpalli, skjólvegg og/eða burðarbita sé þess kostur. Mænisstefna aukahúss má vera 90° á mænisstefnu frístundahúss.

**Bílastæði** skulu vera innan byggingarreita eða á skipulögðum bílastæðum við botnlanga gatna. Staðsetning á uppdrætti er ekki bindandi.

## 3.3 BYGGINGARSKILMÁLAR FYRIR ÍBÚÐARHÚSIN

**Byggingarreitir** eru hnitfestir og sýndir á skipulagsuppdrætti. Byggingarreitirnir eru staðsettir 34 m og 86 m frá Efra-Skarðsvegi. Heimilt er að byggja eitt íbúðarhús ásamt einni bifreiðageymslu innan byggingarreits. Allir hlutar byggingar, þ.m.t. pallar, girðingar og þök, skulu vera að öllu leiti innan byggingarreits.

**Byggingarmagn** er að hámarki 250 m² á hverjum byggingarreit. Heimilt er að byggja allt að 200 m² íbúðarhús og 50 m² bifreiðageymslu á tilgreindum reitum.

**Byggingarefni** skal vera steypa og/eða timbur eða álíka umhverfisvæn efni, að eins miklu leiti og kostur er.

Vegghæð er að hámarki 3 m, mælt frá gólfbita eða steyptu gólfi að skurðlínu vegggrindar/veggjar að utan við efri brún sperru.

**Mænishæð** er að hámarki 6 m, mælt frá gólfbita eða steyptu gólfi að skurðlínu vegggrindar/veggjar að utan við efri brún sperru. Mænishæð bifreiðageymslu skal ekki vera meiri en 4 m. Miðað skal við að kvóti á botnplötu skal ekki vera hærri en 150 cm fyrir ofan yfirborð jarðvegs og skal þá miða við meðalhæð undir húsi.

**Þakhalli** skal vera frjáls.

**Bílastæði** skulu vera innan byggingarreita eða á skipulögðum bílastæðum við botnlanga gatna. Staðsetning á uppdrætti er ekki bindandi.

## 3.4 BYGGINGARSKILMÁLAR Á VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐINU

**Byggingarreitur** er hnitfestur og sýndur á skipulagsuppdrætti. Byggingarreitur er staðsettur 270 m frá Efra-Skarðsvegi.

**Byggingarmagn** er að hámarki 1200 m² á tilgreindum reit.

**Byggingarefni** skal vera steypa og/eða timbur eða álíka umhverfisvæn efni, að eins miklu leiti og kostur er.

**Vegghæð** er að hámarki 20 m, mælt frá gólfbita eða steyptu gólfi að skurðlínu vegggrindar/veggjar að utan við efri brún sperru.

**Mænishæð** er að hámarki 20 m, mælt frá gólfbita eða steyptu gólfi að skurðlínu vegggrindar/veggjar að utan við efri brún sperru. Mænishæð aukahúsa skal ekki vera meiri en 12 m. Miðað skal við að hæð á botnplötu skal ekki vera hærri en 200 cm fyrir ofan yfirborð jarðvegs og skal þá miða við meðalhæð undir húsi.

**Þakhalli** skal vera frjáls.

**Bílastæði** eru skilgreind við aðkomuveg að félagsheimilinu. Fjöldi bílastæða er 10. Bílastæði skulu útfærð nánar á byggingarleyfisteikningu.

# 4. ÁHRIF BREYTINGAR Á UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Tryggja þarf að öllu jarðraski skuli haldið í lágmarki á framkvæmdartíma. Lagfæra skal þau landsár sem verða á framkvæmdatíma og skal það gert með staðargróðri eins og kostur er t.d. með því að geyma svarðlag úr húsgrunnum og vegstæði til að leggja aftur yfir. Með slíkum frágangi er hægt að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið og eru slík vinnubrögð mjög mikilvæg þegar um er að ræða vistgerðir með hátt verndargildi. Hægt er að finna leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða inn á www.namur.is. Reynt var að taka tillit til viðkvæmra vistgerða með háu verndargildi við staðsetningu byggingarreita. Markmið með skipulaginu er að öll hús falli vel inn í umhverfið og öll ummerki í landi verði sem minnst sýnileg.

Fyrirhuguð uppbygging heilsumiðstöðvar hefur það að stefnu sinni að stuðla að heilsurækt í sátt við náttúruna og umhverfið.

Samfélagsleg áhrif verða jákvæð þar sem heilsumiðstöðin mun laða að bæði erlenda og innlenda ferðamenn og stuðlar að bættri lýðheilsu gesta, húseiganda -og leigjanda.

# 5. KYNNING OG SAMRÁÐ

Gera má ráð fyrir að deiliskipulagstillagan verði samþykkt af sveitarstjórn til auglýsingar í nóvember 2022. Umsagnaraðilar eru Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun, Slökkvilið Hvalfjarðarsveitar, Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf. og Vegagerðin. Deiliskipulagstillaga skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Reikna má með að deiliskipulagstillagan verði auglýst í nóvember 2022. Að auglýsingartíma liðnum er tillagan tekin fyrir í sveitarstjórn til samþykktar og reikna má með að það verði í janúar 2023. Að lokinni afgreiðslu sveitarstjórn skal senda tillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar. Hafi Skipulagsstofnun ekki gert athugasemdir innan þriggja vikna er tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda sbr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þá deiliskipulagið gildi. Reikna má með að það verði í mars 2023.

# 6. LÖG OG REGLUGERÐIR

Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (1223/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúruvernd (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), lög um menningarminjar (80/2012), lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (75/2008), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um fráveitur og skólp (798/1999) og reglugerð um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats (505/2000) og reglugerð um breytingu á reglugerð nr.796/1999 um varnir gegn mengun vatns 533/2001.

# 7. HEIMILDIR


EFLA. (2022). Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Hvalfjarðarsveit.
Fornleifastofnun Íslands (2006). Efra-Skarð í Svínadal. Deiliskráning 2006. FS306-06021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
Hvalfjarðarsveit (2008). Samþykkt um fráveitur í Hvalfjarðarsveit. Nr. 583. https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/Reglur/samthykkt-um-fraveitur.pdf
Hvalfjarðarsveit (2011). Rotþró við heimili í Hvalfjarðarsveit. Greiðsla á kostnaði. https://www.hvalfjardarsveit.is/static/files/Reglur/rotthraer.pdf
Kristján Sæmundsson (ÍSOR) (2006). Athuganir vegna frístundabyggðar í landi Efra-Skarðs í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Greinargerð ÍSOR-06114.
Landlínur (2007). Efra-Skarð í Hvalfjarðarsveit. Deiliskipulag frístundabyggðar. Borgarnes: Landlínur ehf.
Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) (2018). Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. https://vistgerdakort.ni.is/
Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) (2019). Sérstök vernd náttúrufyrirbæra. https://serstokvernd.ni.is/
Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) (2021a). Náttúruminjaskrá. https://natturuminjaskra.ni.is/
Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) (2021b). Vöktun náttúruverndarsvæða. https://iinh.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=d7728e40c14c440cab1154d868fe6a9b
Veðurstofa Íslands (2021). Ofanflóðahættumat fyrir frístundabyggð í landi Efra-Skarðs í Hvalfjarðarsveit. Veðurstofa Íslands.
Umhverfisstofnun (UST) (2004). Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir. Meðferð skólps frá stökum húsum og litlum fráveitum utan þéttbýlis. Reykjavík: Umhverfisstofnun. https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/UST_Rotthraer_og_siturlagnir.pdf
Veðurstofa Íslands. Vindatlas. https://vindatlas.vedur.is/#.


## AÐALSKIPULAG HVALFJARÐARSVEITAR 2020-2032




HLUTI SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTAR MKV: 1:50.000

## AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 2023.

______________________________

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2023.

DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR Í LANDI EFRA-SKARÐS Í HVALFJARÐARSVEIT

landlínur hönnun og skipulag

| Mælikvarði | Dagsetning | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 1:2500 (A1) | 21.07.2023 | d320-Efra-skarð | d320-Efra-Skarð.dgn | MTS/SÓÁ/ VÞ/MLÓ |


Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Landslagsarkitekt FÍLA